



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ
Directorate of Health

Ólafur Baldursson, framkvæmdastjóri lækninga
Skrifstofu framkvæmdastjóra lækninga
Landspítala v/Hringbraut
101 Reykjavík

Reykjavík, 04.10.2011
2010060531/7.1.4/GG/AD/kg


Varðar: Mál Jóels Gautar Einarssonar, kt. 081299-2779 – d. 24.02.2001.


Meðfylgjandi er álit landlæknis í máli þessu.

Þar sem málið er orðið tíu ára gamalt viljum við benda á að bersýnilega er greinargóðra verkferla þörf um það hvernig bregðast skuli við mistökum hliðstæðum þeim sem hér um ræðir. Einkum er nauðsynlegt að til séu verkferlar um það hvernig nálgast skuli aðstandendur m.t.t. upplýsingagjafar og umræðu um mistök þegar þau eiga sér stað. Embætti landlæknis væri akkur í því að fá að skoða þá verkferla sem nú er stuðst við á Landspítala í svona málum, m.t.t. þess að þeir gætu orðið fyrirmynd annarra lækningastofnana í landinu.

Einnig eru það tilmæli til framkvæmdastjóra lækninga á Landspítala að Auðbjörgu móður Jóels verði boðið í viðtal til að ræða atburðarásina á síðustu ævidögum Jóels heitins og biðjast afsökunar á þeim mistökum sem gerðust. Afskipta landlæknis af þessu máli yrði þar með lokið.

Virðingarfyllst,


Geir Gunnlaugsson
landlæknir


Atli Dagbjartsson
yfirlæknir